

# Atvinnuveganefnd

## Atvinnulíf - undirstaða öflugssamfélags

Stjórnvöld eiga að skapa heilbrigt og hvetjandi umhverfi fyrir atvinnulífið svo að kraftar einstaklingsins njóti sín til fulls. Öflugt atvinnulíf og varanlegur útflutningsvöxtur eru forsenda hagvaxtar, framfara, góðra lífskjara og velferðar.

Við stöðugleika, hóflega skattheimtu og hagkvæma nýtingu auðlinda landsins felast tækifæri til uppbyggingar og velferðar. Hið opinbera á að skapa umgjörð þar sem fyrirtæki og fjárfestar geta horft til framtíðar við áætlanagerð. Fjármagn leitar þá í arðbær verkefni og samkeppni ríkir milli fyrirtækja. Góðar samgöngur eru forsenda verðmætasköpunar um allt land.

## Stjórnvöld eiga að stuðla að stöðugleika og skýrri umgjörð fyrir atvinnulífið

Allar atvinnugreinar þurfa skýra umgjörð og stöðugleika til langs tíma. Skattkerfið og regluverk atvinnulífsins á að vera einfalt og sanngjarnt og stuðla að fjárfestingum og eðlilegri samkeppni. Jafnræðis skal gætt í hvers kyns gjaldtöku sem snýr að atvinnutækjum eða atvinnugreinum. Mikilvægt er að einfalda opinbert eftirlit og tryggja að það hamli ekki nýsköpun og framþróun. Jafnframt þarf að einfalda og auka skilvirkni við opinberar leyfisveitingar. Afar brýnt er að auka framleiðni og styðja við alþjóðlega samkeppnishæfni fyrirtækja. Það er ekki hlutverk ríkisins að stýra uppbyggingu atvinnulífsins og koma í veg fyrir hagræðingu heldur að tryggja jafnræði og vinna gegn lögbrotum. Afnumin verði lög um opinber hlutafélög (ohf.). Fyrirtæki í eigu hins opinbera eiga að starfa undir sömu hlutafélagalögum og fyrirtæki í eigu einkaaðila. Ríkið skal setja sér skýra eigendastefnu fyrir fyrirtæki í eigu ríkisins. Hið opinbera á ekki að vera í samkeppni við einkaaðila.

Skynsamlegir kjarasamningar á bæði almenna og opinbera markaðnum eru grundvöllur góðra lífskjara hér á landi. Markmið slíkra samninga á að felast í aukningu kaupmáttar á grundvelli lágrar verðbólgu, lágrar vaxta og stöðugs gengis. Nauðsynlegt er að atvinnulífið sé

27 leiðandi í kjarasamningagerð og skilgreini mörk efnahagslegs svigrúms með hliðsjón af  
28 svigrúmi útflutningsatvinnuvega. Aðrir, þ.m.t. aðilar á hinum opinbera markaði, skulu síðan  
29 semja innan áðurgreinds svigrúms, hvort sem um er að ræða samkomulag um launaliði eða  
30 önnur starfstengd réttindi.

## 31 **Orka og iðnaður**

32 Ísland er ríkt af náttúruauðlindum sem fela m.a. í sér tækifæri til framleiðslu grænnar orku.  
33 Sjálfbær nýting auðlinda á að vera grundvallaratriði í öllum ákvörðunum. Íslenskt hagkerfi  
34 er í fararbroddi þegar kemur að nýtingu á grænni orku. Sækja þarf fram í aukinni orkuöflun,  
35 bæta nýtingu núverandi raforkukerfis og efla flutningskerfi raforku enda er orka grundvöllur  
36 verðmætasköpunar sem okkar lífskjör byggja á. Skilgreina þarf betur skyldur framleiðslu- og  
37 dreifingaraðila til að tryggja afhendingu orku og bregðast við áföllum.

38 Mikil þörf er á aukinni orku. Einfalda og samræma þarf leyfisveitingaferlið þannig að það  
39 hamli ekki nauðsynlegri orkuöflun.

40 Endurskoða þarf skuldbindingar Íslands og verja íslenska hagsmuni í ljósi sérstöðu Íslands  
41 sem nýtir umhverfisvæna orkugjafa í miklum mæli.

42 Íslensk orkufyrirtæki eru í fararbroddi á sínu sviði og sú þekking sem Íslendingar hafa  
43 skapað á umliðnum áratugum er orðin að mikilvægri og gjaldeyrisskapandi útflutningsvöru.  
44 Íslenskt atvinnulíf hefur færi á að sækja enn frekar fram á alþjóðavettvangi á þessum sterka  
45 grunni og efla útflutning þekkingar. Íslensk útflutnings- og framleiðslufyrirtæki eiga að njóta  
46 þess samkeppnisforskots sem felst í nýtingu á grænni íslenskri orku.

47 Hagsmunum Íslands er best borgið með því að byggja upp umhverfisvænan iðnað í tengslum  
48 við orkuskipti hér á landi og tengjast ekki raforkukerfum annarra ríkja.

49 Sjálfstæðisflokkurinn stendur heilshugar á bak við hugmyndir um atvinnuuppbyggingu  
50 innanlands á grunni hagkvæmrar nýtingar orkuauðlinda. Lögð er áhersla á að hlúa enn  
51 frekar að uppbyggingu grænna iðngarða enda styðja þeir við sjálfbærni með því að innleiða  
52 félagsleg, efnahagsleg, byggðarleg og umhverfisleg sjónarmið í skipulagningu, stýringu og  
53 framkvæmd.

54 Nauðsynlegt er að ríkið setji orkufyrirtækjum og raforkuflutningsfyrirtækjum í eigu ríkisins  
55 skýra eigendastefnu. Stjórnvöld þurfa að skilgreina ábyrgð á því að tryggja fullnægjandi  
56 framboð raforku til heimila og annarra almennra notenda og tryggja jafnframt orkuöryggi  
57 landsins.

58 Ísland á að vera miðpunktur orkusækisins iðnaðar með samkeppnishæfu raforkuverði.

59 Mikilvægt er að álagning grænna skatta sé hvetjandi fyrir fyrirtæki til breytinga en verði ekki  
60 að hefðbundinni skattheimtu á fyrirtæki, m.a. vegna takmarkaðrar tækni eða orkuskorts.

### 61 **Víðtæk sátt þarf að ríkja um nýtingu náttúruauðlinda**

62 Mikilvægt er að standa vörð um náttúruna og að hún sé nýtt með sjálfbærum hætti þjóðinni  
63 allri til hagsbóta.

64 Gjaldtaka af nýtingu náttúruauðlinda skal vera hófleg þannig að hún dragi ekki úr fjárfestingu  
65 og framþróun innan atvinnugreina. Fjárfesting og nýsköpun er forsenda  
66 verðmætasköpunarog velmegunar þjóðarinnar.

### 67 **Matvælaframleiðslulandið Ísland**

68 Heilnæmi íslenskrar matvælaframleiðslu og hreinleiki náttúrunnar eru eftirsótt gæði í heimi  
69 sívaxandi eftirspurnar eftir matvælum og vatni. Nýta þarf þessa sérstöðu Íslands og leggja  
70 frekari grunn að sókn íslenskrar matvælaframleiðslu í landbúnaði og sjávarútvegi. Í þeirri  
71 sókn þarf að nýta að fullu kosti og þekkingu íslenskra tæknifyrirtækja og sveigjanlegar  
72 lausnir fyrir matvælaframleiðendur. Tryggja þarf að opinbert fjármagn nýtist markvisst til  
73 nýsköpunar og hagræðingar um allt land. Huga þarf sérstaklega að regluverki svo það hamli  
74 ekki nýsköpun og framþróun s.s. sölu afurða beint frá býli og framleiðslu fiskafurða beint á  
75 neytendamarkað. Ferðaþjónusta, orkuiðnaður og matvælaframleiðsla eiga mikla  
76 sameiginlega vaxtarmöguleika.

### 77 **Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegri samkeppni**

78 Íslenskur sjávarútvegur, sem er burðarás í atvinnulífi um land allt, er leiðandi í heiminum  
79 hvað varðar sjálfbærni, þróun og arðsemi. Íslenskur sjávarútvegur er í daglegri samkeppni  
80 við erlendan ríkisstyrktan sjávarútveg. Nauðsynlegt er að gjaldheimtu í sjávarútvegi sé stillt

81 í hóf, hún dragi ekki úr samkeppnishæfni á alþjóðamarkaði og fjárfestingu í greininni.  
82 Nauðsynlegt er að auðlindagiöld og önnur gjaldtaka dragi ekki úr fjölbreytni í  
83 útgerðarflokkum, þar sem bæði minni og stærri sjávarútvegsfyrirtæki fái að blómstra.  
84 Tryggja þarf stöðugleika í rekstrarumhverfi íslensks sjávarútvegs sem byggir á nógildandi  
85 aflamarkskerfi svo að greinin haldi áfram að vaxa á grundvelli sjálfbærrar nýtingar  
86 fiskistofna. Í ljósi minnkandi fyrirsjáanleika í heimsmálum er mikilvægt að sjávarútvegurinn  
87 hafi sveigjanleika í rekstri og fyrirsjáanleika heima fyrir.

88 Með öflugum sjávarútvegi vex nýsköpun og vöruþróun. Grundvöllur arðsemi sjávarútvegs  
89 mun byggja á samþættingu veiða, vinnslu og markaðar.

90 Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið er undirstaðan að þeirri framþróun og verðmætasköpun  
91 sem hefur orðið í sjávarútvegi á undanförunum áratugum. Forðast skal breytingar á kerfinu  
92 sem draga úr hagkvæmni sjávarútvegs.

93 Mikilvægt er að allir útgerðarflokkar fái að þróast og innleiða betri veiðiaðferðir eins og tíma  
94 og tækni vindur fram. Takmarkanir við veiðar og notkun veiðarfæra þarf að því að  
95 endurskoða reglulega. Þetta á við bæði aflamarks- og krókaaflamarkskerfi.

96 Standa skal vörð um línuviltun, enda sé hún innan 5,3% pottsins. Tryggja þarf jafnræði í  
97 alþjóðaviðskiptum með sjávarafurðir og vinna gegn tollum og viðskiptahindrunum sem rýra  
98 samkeppnisstöðu íslenskra framleiðenda. Ísland þarf að gæta hagsmuna sinna gagnvart  
99 ríkjum sem styrkja sjávarútveg og vinna markvisst að betra aðgengi að mörkuðum fyrir  
100 sjávarafurðir.

101 Til að draga úr áhættu í sjávarútvegi þarf að efla hafrannsóknir, nýta tækni og gögn frá  
102 atvinnugreininni betur og auka samstarf við vísindasamfélagið. Þetta styrkir veiðiráðgjöf,  
103 dregur úr óvissu í kvótaákvörðunum og eykur stöðugleika í greininni.

104 Mikilvægt er að öryggi sjómanna sé ávallt haft að leiðarljósi.

105 Fiskeldi er vaxandi hluti íslenskrar matvælaframleiðslu og felur í sér aukin tækifæri til  
106 verðmætasköpunar bæði í sjókvía- og landeldi. Mikilvægt er að tryggja fyrirsjáanleika  
107 rekstrarumhverfis greinarinnar. Uppbygging á að byggjast á bestu vísindum, tækni og  
108 viðurkenndum alþjóðlegum aðferðum þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi og tillit

109 tekið til umhverfis-, rekstrar- og samfélagslegra þátta. Leggja ber áherslu á góða umgengni  
110 og öflugar smitvarnir svo að álag á vistkerfi sé lágmarkað og réttur komandi kynslóða  
111 tryggður. Jafnframt er mikilvægt að fiskeldið myndi byggðafestu og að margfeldisáhrif  
112 greinarinnar skili sér sem mest inn í íslenskt hagkerfi.

113 Fiskeldi er eitt stærsta tækifæri okkar til aukinnar verðmætasköpunar. Því er mikilvægt að  
114 skatt- og gjaldheimtu sé stillt í hóf þannig að hún hamli ekki áframhaldandi vexti og  
115 fjárfestingu greinarinnar um allt land.

## 116 **Íslenskur landbúnaður**

117 Hverri þjóð er mikilvægt að vera sjálfbær um matvöru eftir því sem kostur er. Landbúnaður  
118 á Íslandi er víða burðarás í atvinnulífi hinna dreifðu byggða og byggðafestu í landinu. Öflugur  
119 landbúnaður er hornsteinn góðs þjónustustigs um allt land. Starfsskilyrði greinarinnar þurfa  
120 að hvetja til aukinnar verðmætasköpunar, sjálfbærni, fjölbreytileika og nýsköpunar. Virða  
121 þarf frelsi og sjálfsákvörðunarrétt íslenskra bænda til að stuðla að aukinni hagkvæmni og  
122 fjölbreytni. Tryggja þarf arðsemi í íslenskum landbúnaði. Strangar kröfur eiga að gilda um  
123 dýravelferð, hreinleika og heilbrigði. Tryggja skal að innflutningur feli ekki í sér  
124 sýkingarhættu fyrir innlenda bústofna. Einnig þarf að skerpa á reglum til varnar gegn  
125 erlendum plöntusjúkdómum og meindýrum. Traust umgjörð um merkingar á búvöru og  
126 rekjanleiki sameinar hagsmuni bænda og neytenda. Tryggja verður matvælaöryggi og  
127 fæðuöryggi íslensku þjóðarinnar. Gera verður sömu kröfur til framleiðslu innfluttra búvara  
128 og gerðar eru til innlendrar framleiðslu. Íslenskur landbúnaður er í daglegri samkeppni við  
129 erlendan landbúnað. Atvinnugreinin þarf að hafa frelsi til að takast á við sveiflur og vinna að  
130 langtímahagsmunum neytenda og bænda. Hágæðaafurðir og ímynd landsins gefa  
131 landbúnaðinum ný tækifæri innanlands og erlendis.

132 Stéfnnt skal að því að færa opinbera styrki til landbúnaðar í meira mæli til beins  
133 framleiðslutengds stuðnings.

134 Tækifæri eru til eflingar skógræktar sem atvinnugreinar á viðskiptalegum forsendum.

## 135 **Ferðapjónustan er einn af máttarstólpum íslensks atvinnulífs**

136 Ferðapjónustan er einn af máttarstólpum íslenskrar atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar.  
137 Ísland á að vera leiðandi í ferðapjónustu sem byggir á náttúruvernd, háum gæðastöðlum,  
138 þróun og nýsköpun. Ísland skal vera fyrirmynd annarra ríkja hvað varðar skynsamlega  
139 uppbyggingu, sanngjarna gjaldtöku fyrir virðisaukandi þjónustu, aðgang að náttúruperlum  
140 og stuðning við vernd og uppbyggingu innviða sem tryggir betri dreifingu ferðamanna um  
141 allt land. Lítil og meðalstór fyrirtæki víðsvegar um landið drífa ferðapjónustuna áfram. Þau  
142 skapa fjölmörg atvinnutækifæri, stuðla að eflingu byggða og búsetu um land allt. Þróa þarf  
143 og styðja við fleiri leiðir inn í landið, m.a. með millilandaflugi til fleiri áfangastaða en  
144 Keflavíkurflugvallar.

145 Ísland er dýr áfangastaður þar sem rekstarkostnaður er hár, þ.m.t. laun, skattar og gjöld.  
146 Mikilvægt er að ríkið tryggi betri rekstarskilyrði þannig að arðsemi og framleiðni aukist.

147 Rekstrarumhverfi fyrirtækja í ferðapjónustu þarf að vera fyrirsjáanlegt, regluverk einfalt og  
148 forðast skal skyndilegar breytingar á álögum sem skapa óvissu fyrir fyrirtækin í greininni og  
149 eru til þess fallnar að draga úr samkeppnishæfni Íslands. Þá þarf rekstarumhverfið að tryggja  
150 jöfn samkeppnisskilyrði milli rekstaraðila sem veita sambærilega þjónustu. Nauðsynlegt er  
151 að uppbygging innviða sé í samræmi við þarfir og þróun greinarinnar. Ríkið ætti að bjóða út  
152 þjónustu á þeim ferðamannastöðum sem eru í eigu þess. Efla þarf almenningssamgöngur á  
153 landsbyggðinni með útboðum og samningum við einkaaðila. Styrkja þarf vetrarþjónustu til  
154 að tryggja aðgengi að lykiláfangastöðum allt árið.

155 Styrkja og efla þarf starfsmenntun í ferðapjónustu enda bætir það gæði greinarinnar og gerir  
156 hana að eftirsóknarverðum vinnustað.

## 157 **Tækniframþróun næstu ára mun stilla Íslandi upp fremst meðal þjóða**

158 Íslensk þjóð stendur frammi fyrir miklum mögulegum lífsgæða- og efnahagsábata næstu árin  
159 þökk sé tækniframþróun. Vegna stefnu Sjálfstæðisflokksins um Hugverkalandið skipar  
160 Ísland sér í fremstu röð þjóða þar sem hagkerfi eru þróuð. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt  
161 grunn að mikilli tækniframþróun í hagkerfinu með því að byggja upp öflugt fjárfestingarkerfi í  
162 gegnum margvíslega skattahvata,, með því að rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í

163 nýsköpun og með því að stórefla umhverfi áhættufjárfestinga á Íslandi. Þetta hefur leitt til  
164 þess að ný fjórða stoð hagkerfisins varð til undir stjórn Sjálfstæðisflokksins sem vex hratt og  
165 skilar miklum gjaldeyri í þjóðarbúið. Fjárfestingarstig einkageirans á Íslandi í rannsóknum  
166 og þróun er með því besta sem fyrirfinnst. Ísland er því vel í stakk búið til að taka á móti og  
167 ná fram kröftugum lífsgæða- og efnahagsábata studdan hraðri tækniþróun næstu ára s.s. á  
168 sviði gervigreindar, orkuframleiðni og vélmennavæðingar. Ísland getur orðið meðal fremstu  
169 þjóða í þessum eignum þar sem dýr kerfi verða skilvirkari, laun hækka, hálaunastörfum  
170 fjölgar, eignamyndun eykst og þjónustustig vex.

171 Til að raungera þá mynd er mikilvægt að halda áfram stefnu Sjálfstæðisflokksins gagnvart  
172 Hugverkalandinu Íslandi. Tryggja þarf aðgengi að mikilvægum verkfærum  
173 tækniframþróunar eins og nýjustu örgjörvum og gervigreindarmódelum. Tryggja skal að  
174 Ísland verði áfram fremst meðal þjóða þegar kemur að umgjörð nýsköpunar. Skattahvatar  
175 vegna rannsókna- og þróunar og aðfluttra sérfræðinga verði fyrirsjáanlegir, afgreiddir hratt  
176 og stuðli að því að aðilar geti hafið nýsköpun og flutt til landsins. Stórefla þarf menntun og  
177 frumkvöðlagleði þjóðarinnar ná betur fram skapandi hugsun, fjölga raungreinamenntuðum  
178 og byggja betri brú á milli háskóla, vísindasamfélags og atvinnulífs. Hugverkalandið er land  
179 tilrauna og nýsköpunar. Á tíma gervigreindar mun beiting á þekkingu verða verðmætari en  
180 þekkingin sjálf. Auka þarf virði og virkni háskólamenntunnar m.a. með því að láta hana skipa  
181 stærri sess í að rannsaka og leysa áskoranir fyrirtækja.

182 Ísland á að vera eitt af efstu fimm ríkjum veraldar þegar kemur að sveigjanleika, aðstöðu og  
183 nýsköpunarmenningu til að hefja með farsælum hætti tækni- og hugverkadrifin verkefni.  
184 Hugverkin verða til á Íslandi, búa til hálaunastörf og í kjölfarið fylgir kröftugur útflutningur  
185 þúsundföldunarvélar Hugverkalandins sem mun greiða undir aukin lífsgæði og farsæld  
186 þjóðarinnar.

187 Ísland ætti að kanna leiðir til að einfalda aðgang fjarvinnandi sérfræðinga, t.d. með sérstöku  
188 Nomad Visa sem myndi styðja við vaxandi stafrænt hagkerfi og nýsköpunarumhverfi  
189 landsins.

190 **Verslun og þjónusta**

191 Verslun og þjónusta þarf, eins og aðrar atvinnugreinar, að búa við samkeppnishæft umhverfi.

192 Mikilvægt er að stjórnvöld stuðli að heilbrigðri samkeppni á neytendavörumarkaði. Löngu  
193 tímabært er að afnema samkeppnisrekstur ríkisins í smásölu og gera verslun með áfengi  
194 frjálsa.

195 Heimila ætti lausasölu ólyfseðilsskyldra lyfja í almennum verslunum.